

Kennari:

Brynja Stefánsdóttir
Rebekka Rós Reynisdóttir
Sveinbjörg Anna Karlsdóttir

Kennslufyrirkomulag:

Kennsla inn í bekk og
náttúrufræðistofu

Tímafjöldi:

6 kennslustundir

Bekkur:

3. og 4. bekkur

Vísindi og tækni

Megintilgangur vísindasmiðju er að nemendur kynnist og fræðist um hinn spennandi heim vísinda og sköpunar. Að nemendur taki virkan þátt og öðlist nýja þekkingu á spennandi og merkingabæran hátt.

Vísinda- og tæknismiðja tengir saman verklega vinnu náttúrugreina og hina ýmsu tækni. Tenging á milli þessara þátta er nær en oft er talið. Nemendur þurfa að átta sig annars vegar á að þekking verður ekki eingöngu byggð á beinum athugunum heldur líka á upplifun, ímyndunarafli og sköpun og hins vegar, að vísindaleg þekking er aldrei algild, endanleg eða óbyggjandi. Nemandi þarf að fá tækifæri til að upplifa, skoða náttúruna og tækni og læra að veita athygli, afla, vinna úr og miðla upplýsingum úr heimildum og athugunum en jafnframt að treysta á forvitni sína, til að þetta takist.

Áhersla er lögð á að nemendur geti farið eftir einföldum leiðbeiningum við vísindaleg vinnubrögð ásamt því að kynnast hinum margbreytilega heimi tækninnar.

Megintilgangur kennslu í upplýsinga- og tæknimennt er að hjálpa nemendum að öðlast almenna, góða tæknifærni og tæknilæsi. Tæknifærnin felur meðal annars í sér getu að nýta ýmis fjölbreytt tæki og tæknibúnað. Lögð er áhersla á að nemendur séu upplýsingalæsir og geti aflað sér upplýsinga á margvíslegum hátt, vegið þær og metið með gagnrýnum hætti. Þar sem umhverfi okkar mótast æ meir af vísindum og tækni þarf að efla vísindalæsi meðal nemenda þannig að þeir geti tekið þátt í rökræðum um vísindaleg málefni.

Vísinda- og tæknismiðja

Námsþættir:	Námsefni:	Hæfniviðmið: <i>Að nemandi geti:</i>	Leiðir:
Efnafræði Eðlisfræði Tæki og áhöld tilrauna Vísindaleg vinnubrögð Ipad Tæknisjónvarp Upplýsingatækni Tölvuöryggi	Mæliglös Vogir og bikarglös Fráhrindandi efni Þéttleiki efna Tölvuöryggi MMS iMovie Garageband Popplet Puppet Pals Chatterpix kids Book creator	– tengt vísindaleg vinnubrögð við vinnuferli tilrauna og athugana – framkvæmt einfaldar athuganir og tilraunir – tekið þátt í umræðum – nýtt sér tækni til að leita sér upplýsinga af öryggi – nýtt upplýsingatækni og forrit við uppbyggingu einfaldra verkefna – sýnt frumkvæði og tekið þátt í samvinnuverkefnum undir leiðsögn – sýn kurteisi og virðingu í samskiptum – farið eftir fyrirmælum	Hópavinna Einstaklingsvinna Sýnikennsla Leiðsögn
Námsmat:	Námsframvinda og hæfni nemenda metin í lok hvers smiðjuhóps.		